

25 árum síðar.

Verviers í Belgíu, og það var fyrsta september 1939.

Sólin skein glatt eins og í dag, og mig minnir, að það hafi verið dálítill vestanstrekkingur. Hann er annars sjaldan á vestan um þetta leyti árs hér í Verviers. Við höfðum hengt þvottinn út á snúrur. Jean, maðurinn minn, hafði farið í fyrra lagi á skrifstofuna. Yngri börnin voru úti í garðinum, en þau eldri voru við ströndina í sumarfríi. Að loknum morgunverkunum skrapp ég niður í bæinni til þess að kaupa í matinn.

Ég var stödd á markaðnum, þegar ég heyrði allt í einu einhvern hrópa: „Les Allemands!“ — Þjóðverjarnir væru komnir. Þeir væru uppi í bæjarþinghúsinu og krefðust að fá stjórn bæjarins tafarlaust í sínar hendur.

Okkur varð öllum mjög flemt við, því að við áttum okkur einskis illt von. Við vissum ekki, að stríð var hafið. En brátt varð okkur það ápreifanlega ljóst, því að þýzki hermenn streymdu inn í bæinn. Þeir komu yfir hæðirnar, sem þér sjáið þarna austan til í bæjarjaðrinum, segir gamla Madame Lejeune um leið og hún bendir út um gluggann í áttina til götu, sem nú ber nafnið Rue de l'Invasion.

Gamla konan gerir hlé á máli sínu, því að hún er mæðin. Hún kipur saman munninn og lygnir þungum augnalokunum eins og hún sé að rifja upp hálfgleymdan draum. Eftir skamma þögn ræskir hún sig og heldur áfram frásögn sinni, þar sem þráðurinn hafði slitnað:

— Þeir voru glæsilegir á velli, þýzku hermennirnir, er þeir komu niður hliðina þá arna, í nýjum einkennisbúningum, vel holdaðir og sigurvissir. — Fimm árum seinna horfðu þeir hundruðum saman hérna í sömu hæðardrögunum. — Mér er hann minnisstæðastur foringinn þeirra. Hann var hár maður, grannvaxinn, með harðgerða og hvass-skorna andlitsdrætti, og bar sig fyrirmannlega. Hann gerði það raunar líka fimm árum seinna í uppreisninni fyrir framan Palais de Justice. Hermennirnir höfðu misst kjarkinn og gengið í lið með byltingarsinum. Þeir gerðu aðsúg að foringjanum, rifu af honum axlar-skúfana og önnur tignarmerki og brutu sverð hans.

Stóru fallbyssurnar, sem Þjóðverjarnir höfðu meðferðis, voru feikna þungar. Við vorkennndum mikið aumingja hestunum, sem voru alveg að sligast undan þessum þungu byrðum í brekkunum. Sumir hermanna virtust þegar fullsaddir af erfiðleikun stríðsins og spurðu, hvort þeir væru nærri komnir til Parísar.

Eftir Birgir Kjaran, hagfræðing.

Þjóðverjarnir tóku svo við stjórn bæjarins, og fyrir okkur, belgísku íbúana, hófst nú nýtt og heldur dagfarskalt líf. Við síðustu orðin bregður köldum beiskjugalpa fyrir í augum Madame Lejeune.

Það er auðrakið sambandið milli þessara svipbrigða á andliti gömlu konunnar og tveggja mynda á einum veggnum í setustofu hennar. Þær eru af tveimur, stæðilegum, ungum mönnum, sem eru klæddir einkennisbúningi belgíska hersins. Myndirnar eru af sonum Madame Lejeune. Þeir féllu báðir fyrir tæpum tuttugu og fimm árum á flæmsku flatneskjunum.

Í Verviers eru vafalaust mikil, andleg staðviðri. Alltaf logn. Menn hafa þó ekki komizt hjá því að verða varir við þau pólitísku veðrabrigði, sem eru í loftinu, og þeim samfara hafa alls kyns kynjasögur komizt á kreik.

Við höfðum í hálfkæringi verið að karpa um þessi deiluefni dagsins með morgunkaffinu, er Madame Lejeune sló á alvarlegri streng með áðurnefndri frásögn.

Eftir kaffið setjast menn í kringum útvarpið inni í dagstofunni, því að alla fýsir að heyra fréttir frá höfuðborgum stórveldanna. Það gengur illa, því að tækið er lélegt og truflanir miklar.

Allt í einu heyrum við þó í gegnum allar truflanirnar sterka og dimma rödd. Röddin er auðþekkt. Það er Adolf Hitler, sem talar. Hann er að tala fyrir þýzka Ríkisdeginum og rekur umræður þær, sem fram hafa farið milli ensku og þýzku stjórnarinnar út af Danzig-deilunni. Að lokum lýsir hann því yfir, að Þjóðverjar hafi höggið á hinn gordionska hnút, og héðan í frá muni þeir „svara sprengju með sprengju og gasi með gasi!“

Þar með hefir Hitler haslað sér völl.

— Nýtt stríð er hafið, segir gamla Madame Lejeune. Orðin koma eins og þungt andvarp, hrukkurnar í andliti hennar verða dýpri, og móða sezt á fornfálegu gleraugun.

Við erum hér í Verviers, ekki nema um 40 km. frá þýzku landamærunum. Til Achen er rúmlega hálf tíma akstur með lestinni. Ekki þarf annað en að bregða sér upp í sporvagn og aka í stundarfjórðung, þá er maður kominn til Eupen, gamla þrætueplisins. Sökum legu sinnar var Verviers því ein af fyrstu borgunum, er Þjóðverjar tóku í heimsstyrjöldinni miklu.

Mér leikur hugur á að sjá, hver áhrif



Birgir Kjaran.

fregnin um byrjun nýs hildarleiks hefir á íbúana, sem flestir eiga allt annað en bjartar minningar frá síðasta stríði. Í því skyni reika ég niður í miðbæinn.

Áin Vesdre rennur hægt og straumkastalaust undir Pont des Recollets, í gegnum miðbæinn og síðan í áttina til Liège. Þannig var það víst einnig fyrir tuttugu og fimm árum síðan. Bæjarlífið virðist heldur ekki hafa tekið neinum snöggum stakkaskiptum við hin sögulegu stórtíðindi. Það gengur enn sinn hæga, vana gang. Góðborgararnir, eins og t. d. Monsieur Cumont og Monsieur Dambois, láta sér hvergi bregða og eru hinir rólegustu. Þeir spáséra bispertir með stráhattana á ská og sveifla valdsmannslega göngustöfunum, því að enginn er maður með mönnum í Verviers, sem ekki á stráhatt og staf. Þeir fá sér sæti fyrir framan eitthvert kaffihúsanna við Place Vert, t. d. hjá „Chez Nous“, því að þar er góð músik. Síðan líta þeir brosleitir í kringum sig, kinka kolli til kunningjanna, snúa upp á sín velhirtu yfirskegg og panta vænar krúsir af hinum ágæta Artoris-bjór. Samtalið hefst svo með því, að einhver minnist á hækkaða skatta. Þegar það er tæmt og allir viðstaddir eru sammála um, að skattarnir séu alltaf háir og alltaf að hækka, þá eru tekin fyrir hænsnin tvö, sem stolið var frá Madame Meréchal. Og loks fá menn sér annan bjór og skála fyrir bæjarhátíðinni, sem hefjast á eftir tvo daga. Hún er víst einhvers konar afmæli bæjarstjórnardýrðlingsins, löngu látins, sílsþikaðs kennimanns, sem ég hefi einhvers staðar séð líkneski af.

Sé göngunni haldið lengra áfram, liggur leiðin fram hjá glæsilegustu rakarastofu bæjarins. Eigandinn er, auk þess að vera snjall í sinni iðngrein, einn vinsælasti leikarinn í bænum. Nú hallar hann sér upp að veggnum fyrir framan rakarastofuna og syngur fullum hálsi af eintómri lífsgleði. Fyrir framan pósthúsið sitja tvær gamlar maddömur og spila piquet. Það er friður í Verviers.

Í augnablikinu virðist Verviers heyra til menningarsögulegra fornmenja. Ekki af

Framh. á bls. 21.



Það er mín reynsla,

að **Kabinett** og **Visitt-myndatakan** (gamla aðferðin) sé alveg að hverfa úr sögunni — enda fær fólk svo fáa „prufulappa“ til þess að velja eftir — **aftur á móti fá allir**, sem sitja fyrir á ljósmyndastöfu minni, átta skemmtilegar og eðlilegar smámyndir og eina fullgerða stækkun fyrir aðeins kr. 7.00 — eða með öðrum orðum: 3 krónum ódýrari en þér verðið að greiða fyrir sömu stærð og færri „prufulappa“, ef um eldri myndatökuaðferðina er að ræða. — Það er því ekki furða, þótt

filmfoto

myndirnar og stækkanirnar séu eftirsóttar.

N.B. Það, sem á að afgreiðast af myndum fyrir jól, þarf að panta fyrir 12. des.

Loftur

KGL.

NÝJA BÍÓ

heyrði ekkert til Jónsa túkarls og manna hans, fyrr en þeir stóðu á þilfarinu með reipin.

Ég hefi verið á sjó í 40 ár, kunningi, en ég hefi aldrei séð eins liðlega vinnu. Þegjandi og hljóðalaust komu þeir slaghörpunni upp á þilfar. Það var öllu líkara, að andar væru hér að verki en menn.

Mig langaði til að skella upp úr, þegar ég sá þá með fallegu slaghörpuna hans X—.

Það var ekki fyrr en þeir komu upp á þilfarið, sem ósköpin dundu yfir. Þeir voru ekki fyrr komnir út undir bert loft en þeir tóku að syngja fullum rómi:

— Yi-ling-ti-chang-ya! Li-ti-chang-kwing-ya! Lao-tze, Lao-tzu. Ya-yak!

Auðvitað vöknðu allir um borð og komu þjótandi upp á þilfar. Ég var barinn fyrir að láta stela þessu beint við nefið á mér. Það þýddi ekkert fyrir mig að afsaka þetta við X—. Hann lét taka mig fastan. Þetta bölvæð söngl í Kínverjunum kostaði mig tveggja ára fangelsisvist og stýrimannsstöðuna.

*

— Eruð þér vitlaus, maður? Eruð þér að háttá á miðri brautarstöðinni?

— Já, mér var sagt að muna eftir því að skipta á þessari stöð.

KONAN Í EDDUKVÆÐUNUM.

Framh. af bls. 18.

allt fyrir brjósti brenna, og er grimmd þeirra oft meiri en manna þeirra. Guðrún Gjúkadóttir drap með eigin hendi Atla, mann sinn og bræðrabana. Hún eggjar einnig syni sína til hefnda fyrir víg Svanhvítar dóttur sinnar og Sigurðar Fáfnisbana, en hana hafði Jörumrekkur Gota-konungur látið troða undir hestafótum. Guðrún stendur þannig fast við hugsjón fornaldarinnar, hefndina, fram í andlátið, þrátt fyrir alla harma sína, sem byrja með því, að bræður hennar drepa Sigurð Fáfnisbana. En við dauða hans kvartaði hún ekki og kveinaði sem aðrar konur, eins og segir í vísunni:

Ár vas þats Guðrún
gerðisk at deyja,
es hón sat sorgfull
of Sigurði,
gerðit hjúfra
né höndum sláa
né kveina umb
sem konur aðrar.

Og var hún þó mjög sorgbitin.

Ímynd þeirra eiginleika, sem mest einkenna konuna í Eddukvæðunum, er Brynhildur Buðladóttir, ímynd ástarinnar og

hefnigirninnar. Hún eignir mann sinn, Gunnar Gjúkason, til að drepa Sigurð, sem hún þó elskar. Þannig er hún þeim verst, sem hún ann mest. Þetta minnir dálítið á aðra konu í fornsögum okkar, en það er Guðrún Ósvífursdóttir. Brynhildur er jafn einlæg í ást og hatri. Hún er kraftmikil persóna, kvenskörungur og valkyrja, en skapanornirnar hafa skapað henni ill ör-lög. Hún fær ekki að njóta þess manns, sem hún elskar, en er gínt til að eiga Gunnar Gjúkason með brögðum. En eftir dauða sinn vitjar hún Sigurðar, sem hún hafði látið drepa.

Heiptúðin, rausnin, krafturinn, einlæg-in í ást og hatri og hefnigirnin virðast mér hafa verið sterkustu þættirnir í skapgerð þeirra kvenna, sem Eddukvæðin eru ort um.

TUTTUGU OG FIMM ÁRUM SÍÐAR.

Framh. af bls. 5.

Því að borgin þurfi að kosta miklu til viðhalds á gömlum kirkjum eða smekklausum höllum, og ekki heldur af því, að neitt stórmenni hafi af tilviljun fæðst þar eða dáið. Nei, öðru nær, hér hefir lifað og dáið heldur látlaust fólk, og bærinn er í raun og veru hvorki nýr né gamall, og frá list-



Norður á Akureyri var eitt sinn bóka-uppboð. M. a. voru á uppboðinu öll verk Walters Scott. — Sigurður Pálsson menntaskólakennari mætti á uppboðinu í því skyni að bjóða í bækur Scotts. — Sigurður bauð nú í, og leit út á tímabili sem honum myndi verða slegnar bækurnar á 10 krónur. En í því vatt Gunnlaugur Tr. Jónsson bóksali sér inn á uppboðið og tók að bjóða í á móti Sigurði. Að lokum sigraði þó Sigurður, og fékk bækurnar á rúm- ar 30 kr. — Um leið og Sigríður gekk út, sneri hann sér að Gunnlaugi og mælti:

— Hún skal fá að biða, skuldin mín hjá yður, Gunnlaugur.

Á Sauðarkróki bar það eitt sinn til, að sjómaður var að gera að afla sínum í

rænum sjónarmiðum allt annað en tiltak- anlega fallegur. Hann hefir heldur ekki að geyma flís úr krossi Krists, lykilinn að Bastillunni, kúluna, sem banaði Wallen- stein, eða aðrar svokallaðar, sögulegar menjar. Það, sem í dag virðist gefa Ver- viers sögulegt gildi, eru engir af þessum áþreifanlegu hlutum, heldur félagslega andrúmsloftið, því að í sömu andránni og stórveldin spenna hjálmana, hvetja sverðin og kyrja hersöngva, þá ganga menn hér með stráhatt og yfirskegg, tala um hænsnaþjófnað og yrkja lyrisk kvæði í „Dagblaðið“. Fyrir allan þorra Evrópubúa er þetta ástand horfinn heimur. Heimur „le petit bourgeois“; fyrirstriðstíminn eða öllu heldur fyriraldamótaástandið afturgengið. Tímabilið, sem ól Maupassant og Dumas yngri, skóp smellnar skáldsögur og lífs- þægindi fyrir borgarastétt, sem talaði um frelsi og rómantik og þekkti hvorki ríkis- einkasölur né radió. Sem sagt, liðið tíma- bil, hvort sem mönnum er það ljúft eða leitt.

Það einasta, sem í dag truflar Monsieur Cumont og Monsieur Dambois í sínum and- ríku samræðum um hænsni, skáldskap og skatta vekur þá til hinnar bláköldu, tuttug- ustualdar-tilveru eru bílar, hlaðnir ungum hermönnum, sem eru á leið til landamær- anna. Hinir æruverðugu herrar setja upp stór augu og klóra sér í hnakkanum. Þeim eru þessi fyrirbrigði torskilín. Þeir héldu eins og fleiri, að farið væri að grána fyrir degi nýrrar menningar. En líklega hefir það verið misskilningur og gelgjuskeið eftirstriðstímans einungis verið dagmála- glenna. Eitt er víst, að stórveldin hafa stigið spor úr jafnvægi og við erum ef til vill að steypast kollhnís inn í nýtt tímabil, sem enginn veit, hvað felur í skauti sínu.

Þessi dagur verður því mörgum minnis- stæðari en aðrir dagar.

fjöru niður, — kom þar þá að gömul kona í þeim erindum að kaupa sér í soðið. Þegar maðurinn hafði afgreitt fiskinn til kon- unnar, og hún tilbúin var að leggja af stað heimleiðis, sneri hún sér að sjómanninum og sagði:

— Ja, ég á nú bara enga peninga til að borga þetta með, en ég vona, að guð borgi þér þetta á einhvern hátt fyrir mig.

Manninum fannst nú lítið til slíkra við- skipta koma, svaraði fýldur á svip og án þess að líta upp frá verki sínu:

— Andskotann ætli hann borgi.

Á Drangsnesi við Steingrímsfjörð hefir dvalið og dvelur maður að nafni Guðmund- ur Guðbjartsson, er hann með afbrigðum dagfarsprúður, og að jafnaði orðfár, en þó vel orðheppinn.

Eitt vor fyrir nokkru, komu sunnlenskir sjómenn að Drangsnesi, og hugðust stunda þaðan fiskiveiðar yfir sumarið. Nokkru eftir komu sína að Drangsnesi, þurftu þeir að skreppa til Hólmavíkur, sem er að mun innar við fjörðinn en Drangsnes, og ætluðu auðvitað að fara á sínum eigin bát. Grunn- leiðin frá Drangsnesi til Hólmavíkur er nokkuð vandfarin ókunnugum. Þetta höfðu Sunnlendingar hlerað, og vildu því ógjarn- an hefja förina, nema að hafa kunnugan mann með. Varð það hlutskipti Guðmund- ar að taka að sér leiðsögnina. Kvaðst hann, sem og var satt, þekkja leiðina vel, og vita um alla boða á henni.

Er nú lagt af stað, og gerist ekkert sögu- legt, fyrr en kemur nokkuð inn fyrir Drangsnes, þar er boði all-mikill, sem Fiskinesboði heitir, er hann upp úr sjó um fjöru, en hverfur um flóð. — Guðmundur sezt við stýrið með hinni venjulegu hvers- dagsró, og veit enginn fyrr en báturinn rennur upp á boðann. Sunnlendingum varð all-hverft við, og stukku út til að varna því, að báturinn færi á hliðina. Guðmundur sat kyrr, og sá enginn, að honum brygði. Kölluðu þá hinir til hans og spurðu, hverju þetta sætti. Guðmundur svaraði hægt, en þó hiklaust:

— Ef ykkur hefir langað til að kynn- ast boðunum hér inn með ströndinni, þá er þetta sá fyrsti.

HERMANN JÓNASSON —

Framh. af bls. 3.

fyrir sig er nauðsyn, og fögur eins og blik- andi sverð, en skapgerðin er höndin, veik eða sterk, sem beitir sverðinu. Því mega skólarnir ekki gleyma og því má enginn gleyma, sem vill teljast menntaður maður.

— Voruð þér umsjónarmaður í yðar bekk?

— Oftast nær mun ég hafa verið það. Skólabræðrum mínum á Akureyri þótti ég hafa margs konar völd í skólanum og töldu mig ærið metorðagjarnan. Í skólablaðinu kölluðu þeir mig í háði „ráðherrann“.

— Og svo völduð þér lögfræðina fram yfir aðrar námsgreinar háskólans?

— Eiginlega var það öllu fremur tilvilj- un en val. Eftir að ég kom í skóla, langaði mig alltaf til að lesa læknisfræði, en sér- stakar ástæður urðu þess valdandi, að ekki varð af því. Það er mál út af fyrir sig.

Og er ég hafði verið heimiliskennari hjá Þórði á Kleppi og lesið lögfræði í tvö ár, var læknisnámið enn svo ríkt í huga mín- um, að ég var að hugsa um að hætta við lögfræðinámið og fara í læknadeildina. Ræddi ég um þetta við Einar Arnórsson, prófessor, sem tók á málinu með miklum gáfum og skilningi. Ekki andmælti hann því, að skynsamlegt væri af mér að lesa læknisfræði, en sagði aðeins, að ég ætti svo stutt eftir við lögfræðinámið, að ég skyldi ljúka því fyrst, en svo gæti ég farið í læknisfræðina á eftir. En auðvitað varð aldrei neitt úr því.

— Hvaða einstakt atvik finnst yður hafa haft mest áhrif á æviferil yðar?

— Örlagarík augnablik álit ég að risti svo djúpt í sálarlíf einstaklinganna, að fæstir fáist til að hafa þau í hámaelum. Það verður hver að eiga eitthvað fyrir sig — eitthvað, sem hann gefur ekki öðrum.

— Ortuð þér ekki í skóla?

— Að sjálfsögðu var ég að sálást úr rómantik eins og allir strákar á vissum aldri. En um tvítugt gerði ég sjálf- an mig upp sem skáld og komst þá að raun um, að ekki myndi ég duga til þeir- ar iðju. Hver hefir ekki verið skáld?

— Hvaða spakmæli eða setningu þekk- ið þér viturlegasta?

— Það er næsta ómögulegt að gera upp á milli spakmæla, þau eru svo mörg jafn góð og sönn um mismunandi efni. — En ég held þó, að þessi alþekktu kenni- setning: „Í sveita þíns andlits skaltu þíns brauðs neyta“, sé bezta siðakenning og heilsufræði um leið, sem sett hefir verið fram í jafn stuttu máli.

S. B.

Prentmyndastofan

LEIFTUR

Hafnarstræti 17.

Framleiðir
fyrsta flokks

prentmyndir

Léttur
handvagn

óskast til kaups.

VIKAN

Austurstræti 12. Sími 5004.